

Mál nr 15/2015

Ár 2016, þriðjudaginn 26. apríl var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr.15/2015

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 25. ágúst 2015 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann ZZ við tíkina WW án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 20. janúar 2016 og henni gefinn frestur til 17. febrúar til að skila inn andmælum. Ekkert svar barst innan tilskilins andmælafrests og var kærðu send ítrekun með bréfi dagsettu 23. febrúar og henni gefinn viðbótarsvarfrestur til 1. mars. Svar dagsett 29. febrúar barst og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin var ákveðið að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 24. júlí 2015 var rakkinn ZZ paraður við tíkina WW 22-23. mars 2015 án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð við pörun. Hundarnir eru af hundakyninu Shih Tzu og eru báðir í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að tíkin hefði lóðað fyrr en búast var við svo að ekki hafi náðst að augnskoða rakkann fyrir pörun. Ekki hafi þótt vænlegt að fresta pörun fram að næsta lóðarí því að tíkin lóðar sjaldan og óreglulega og hún hafi verið á hentugu aldurskeiði fyrir pörun. Þá tiltók kærða að í þessum ræktunarlínum hafi augnsjúkdómar ekki fundist og því hafi hún talið áhættuna minniháttar.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Shih Tzu:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.06.2010). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Þeir hundar sem eru nú þegar í ræktunarbanni, geta sótt um undanþágu frá banninu eftir nánara samkomulagi við stjórn deildarinnar hafi þeir náð 3 ára aldri, augnskoðaðir „hreinir“ og eru góðir fulltrúar tegundarinnar.

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggja fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Kærða hefur gengist við því að hafa parað rakkann vitandi það að hann var ekki með gilt augnvottorð við pörun en ástæður þess að para rakkann á þessum tíma voru að mati kærðu það miklar að ákveðið var virða ekki reglur um að heilsufarsvottorð skuli liggja fyrir við pörun. Kærða kveðst þó sjálfsgöðu ætla sér að leggja sig betur fram um það að slíkt gerist ekki aftur.

Rakkinn var augnskoðaður í júní 2015 og til allra heilla stóðst hann skoðun. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að rakkinn hafi staðist augnskoðun eftir, það var ekki fyrir séð.

Kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og telur siðanefnd því hæfilegt að áminna kærðu að þessu sinni.

IV. Niðurstaða.

Kærða, Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

Anna María Flygenring

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir